



## Íbúasamtök Kjalarness

---

Íbúasamtök Kjalarness vill koma á framfæri til Skipulagsstofnunnar athugasemd vegna vinnslu Aðalskipulags Reykjavíkur til 2040. Grundvallarbreyting hefur verið gerð á áður auglýstri tillögu sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 19.10.2021.

Á bls 99 aðalskipulagstillögunnar er fyrrgreind breyting(nýr texti undirstrikaður):

### **„8.2. 12. Álfsnes-Kollafjörður**

Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð, en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til að endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“

*32. gr. skipulagslaga:*

*"Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr."*

Upprunaleg aðalskipulagstillaga gerði ekki ráð fyrir að starfsemi æfingaskotvalla yrði fest í sessi á Álfsnesi. Þessi ákvörðun sem bætt er inn í aðalskipulagið er grundvallar breyting á heimildum iðnaðarsvæðisins á Álfsnesi, auk þess í algærri andstöðu við íbúa og landeigendur sem líða fyrir skert lífsgæði vegna hávaða frá skotæfingasvæðunum. Ekkert samráð eða samtal hefur verið vegna þessara breytinga við fyrrnefnda íbúa og landeigendur.

Íbúasamtök Kjalarness telur að aðalskipulagið eigi að auglýsa aftur vegna þessa.

Fylgiskjal:

Tímalína aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og leyfisferla skotæfingasvæða.



## Íbúasamtök Kjalarnæss

### Leyfi fyrir skotvelli á Álfsnesi fellt úr gildi - tillagan um aðalskipulag Reykjavíkur 2040 breytt

(Ferlið fyrir aðalskipulagið undirstrikað hér að neðan.)

8. febrúar 2021 sendi Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsemi félagsins á skotvelli þess í Álfsnesi.

15. feb. óskaði heilbrigðiseftirlitið eftir umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og hvort fyrirhugaðar væru breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir útgáfu starfsleyfis til 12 ára.

3. mars barst umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. febrúar 2021, heilbrigðiseftirlitinu. Í henni kemur fram að ekkert deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið en samkvæmt aðalskipulagi sé það skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Frá upphafi hafi umrætt svæði verið ráðgert til tímabundinna afnota, en samkvæmt gildandi skipulagi væri þar gert ráð fyrir 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Í ljósi þeirrar óánægju sem íbúar í nágrenni hafi látið í ljós og þeirra ábendinga sem borist hafi vegna hávaða telji skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina, S.S. um opnunartíma og notkun á blýhögglum, samhliða því að kanna til hlítar nýjar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa hafi ekki verið mælt með því að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum.

9. mars 2021 var birt á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins auglýsingu um tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll Skotveiðifélagsins Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi. Í tillögunni var lagt til að starfsleyfið gildi til tveggja ára frá útgáfudegi og að um starfsemina giltu sértæk og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

Á auglýsingatímabilinu 9. mars til 16. apríl bárust 127 athugasemdir.

Á Borgarráðsfundinum 15. apríl 2021 leggja borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu: "Borgarráð samþykkir að skipa samráðshóp um framtíð Skotfélags Reykjavíkur. Hópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg og tveimur frá Skotfélaginu, til að fara yfir framtíðartilhögun aðstöðunnar og gera tillögu um mögulegt framtíðarsvæði fyrir Skotfélagið. Samráðshópur skili tillögu sinni til borgarráðs fyrir 1. desember 2021. (R21040124) Því var frestað.

4. maí ákveður Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að gefa út starfsleyfi til tveggja ára, eða til 4. maí 2023 til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvalla í Álfsnesi.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 15. júní 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040.

20. júní og 21. júní kæra íbúar og landeigendur við Kollafjörð ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Jafnframt er þess krafist að óháður aðili framkvæmi



## Íbúasamtök Kjalarness

hljóðmælingar, jarðvegs­mælingar og mælingar á blýmengun við strönd og sjó norðan við aðstöðu félagsins.

31. ágúst 2021 var síðasti dagurinn til þess að skila ábendingum og athugasemdum við tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040.

24. september kom ÚUA saman. ÚUA ákveður að sameina málin.

Jafnframt kröfu um að óháður aðili framkvæmi hljóðmælingar, jarðvegs­mælingar og mælingar á blýmengun við strönd og sjó norðan við aðstöðu félagsins, er bent á að mannvirki á svæðinu séu ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Leyfishafa var gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum vegna málsins, en engar slíkar bárust úrskurðarnefndinni.

Í niðurstöðu ÚUA er tekið fram að allur atvinnurekstur sem sótt sé um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf og strandsvæða. "Af því sem að framan er rakið liggur fyrir að starfsemi sú sem heimiluð er með hinu kærða starfsleyfi, sem er rekstur skotæfingasvæða, samræmist ekki landnotkun umrædds svæðis eins og það er tilgreint í aðalskipulagi, svo sem áskilið er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Verður af þeim sökum að fella hið kærða starfsleyfi úr gildi. "

*Kröfur og röksemdir kæruaðila eru sem sagt ekki teknar fyrir efnislega.*

28. september:

<https://www.visir.is/g/20212162833d?fbclid=IwAR1xjxmq4x74Nnag3yrV9wZa0kGNTa-lNB8T43VqSaB4JrGs68mAhTlozm0>). Viðbrögð formanns borgarráðs og staðgengils borgarstjóra, aðspurð hvort komi til greina að breyta skipulagi á svæðinu sagði að allt kapp verði lagt á að ná góðri lendingu í málinu sem fyrst. „Þetta verður allavegana rætt í skipulagsráði á morgun. Svo förum við vonandi að sjá til lands í þessu.“

4. október fullyrðir formaður borgarráðs og staðgengill borgarstjóra í kvöldfréttum Stöðvar 2 að þverpólítísk samstaða sé fyrir hendi til að tryggja skotæfingarsvæðunum áframhaldandi aðstöðu á Álfsnesi með því að laga skipulag að starfseminni.

Einhvertíma hér á eftir er svo tekið á móti umsögn um Aðalskipulag Reykjavíkur til ársins 2040, varðandi skotsvæðið, þó svo að umsagnarfresturinn hafi verið til 31. ágúst.

14. október, var haldinn 5641. fundur borgarráðs. Á fundinum er skv. Fundargerðinni ([https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/6\\_adalskipulag\\_reykjavikur\\_2040\\_ibudabyggd\\_og\\_blondud\\_byggd.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/6_adalskipulag_reykjavikur_2040_ibudabyggd_og_blondud_byggd.pdf)) "lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. október 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. október 2021 á tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna endurskoðunar stefnu um íbúðabyggð og blandaða byggð og tæknilega uppfærslu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040, ásamt



## Íbúasamtök Kjalarness

---

fylgiskjöllum." Því var vísað til borgarstjórnar. Eina skjalið sem aðgengilegt er á netinu varðandi dagskrárliðinn er þó "Aðalskipulag Reykjavíkur 2040" eins og það var auglýst í maí.

14. október var einnig haldinn fundur hjá Íbúaráði Kjalarness. Íbúaráð Kjalarness lagði fram svohljóðandi bókun:

"Íbúaráð Kjalarness harmar þá fullyrðingu staðgengils borgarstjóra, Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur, í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 4. okt síðastliðinn að þverpólitísk samstaða sé fyrir hendi til að tryggja skotæfingarsvæðunum áframhaldandi aðstöðu á Álfsnesi með að laga skipulag að starfsemi. Aðlögun sem er í andstöðu við vilja allra íbúa og landeigenda í nágrenni við skotæfingarsvæðin vegna viðvarandi blý- og hávaðamengunar og þ.a.l. skertra lífsgæða á svæðinu. Þetta er gert án nokkurs samtals við fyrrgreinda aðila sem hafa látið óánægju sína í ljós með kærri starfsleyfa til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem fellt hefur starfsleyfin úr gildi. Íbúaráð Kjalarness mun ekki sætta sig við eða samþykkja að starfsemi skotæfingarsvæðanna á Álfsnesi verði leyfð að nýju. Ennfremur óskar íbúaráð upplýsinga um hvort unnið hafi verið að því að finna skotæfingafélögunum nýja aðstöðu eins og bæði hefur komið fram í máli skipulagsfulltrúa og meirihlutaflakkar í borgarstjórn hafa bókað."

Á fundi Borgarstjórnar þann 19. október er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 á dagskrá. Eina skjalið sem aðgengilegt er á netinu varðandi dagskrárliðinn er "Aðalskipulag Reykjavíkur 2040" eins og það var auglýst í maí, en 19. okt. var þar 900 bls doðrantur um aðalskipulag Reykjavíkur og breytingu á notkun svæðisins á Álfsnesi þar inni.